Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
25. mars 2010
12. tbl. · 27. árg.

Þú losnar ekkert við þessa bakteríu

Elfar Logi Hannesson leikari frá Bíldudal er fyrrverandi bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar en þetta árið skipar Marsibil eiginkona hans þann sess. Í opnuviðtali er farið yfir feril Elfars Loga, allt frá því að hann steig fyrst á leiksvið sex ára gamall.

Samkaup úrval góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar **25. - 28. mars**

Úrvals lambakjöt!

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Filé ~~3.498~~ **2.449** kr./kg Kótilettur ~~1.695~~ **1.356** kr./kg Lærissneiðar ~~2.298~~ **1.586** kr./kg

Góð kaup!

~~379~~ **299** kr./pk. Doritos 165g
Nacho Cheese eða Cool America

Góð kaup!

~~189~~ **149** kr./stk. Malt&Appelsín
500ml, frá **Agli**

Coop tilboð!

769 kr./pk. Eldhúsrúllur
8 stk. í pakka, frá **Coop**

Fersk jarðarber

500g á 50% afslætti!

~~899~~ **449** kr./pk.

Coop tilboð!

95 kr./stk. Bakaðar baunir
420g, frá **Coop**

Coop tilboð!

99 kr./stk. Gulrætur og grænar baunir, 455g, frá **Coop**

Coop tilboð!

fryst

197 kr./pk. Hvítlauksbrauð
2 stk. í pakka, 350g, frá **Coop**

25% afsláttur

899 kr./pk. Coca Cola
4x2 lítrar, classic, light og zero

...sjá opnunartíma verslana á **samkaupurval.is**

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Sjá uppskriftir á **samkaupurval.is**

...sjá öll sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**

Borce hætt-ir með KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar og Borce Ilievski hafa gert með sér samkomulag þess efnis að Borce hætti störfum hjá félaginu í sumar. Hann mun starfa hjá félaginu fram yfir körfuboltabúðir félagsins sem haldnar verða í byrjun júní. Það má með sanni segja að Borce hafi skilað góðu búi hjá KFÍ þar sem hann hefur komið meistaraflokki félagsins í Iceland Express deildina auk þess sem hann hefur náð mjög góðum árangri með yngri flokka félagsins.

„Félagið þakkar Borce samstarfið síðustu fjögur ár góð og óskar honum og fjölskyldu velfarnaðar í því sem þau taka sér fyrir hendur í framtíðinni," segir í frétt frá KFÍ.

Styttist í Skíðaviku

Dagskrá Skíðaviku á Ísafirði verður fjölbreytt að vanda og er óhætt að ætla að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Þó lítill sé snjórinn verður hægt að gera margt skemmtilegt og erum við með varaplan sem snýr að börnunum ef þau komast ekki á skíði," segir Margrét Halldórsdóttir, íþrótta- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Skíðavikan verður sett á hefðbundin hátt á Silfurtorgi miðvikudaginn 31. mars. Meðal annars sem er að finna á dagskránni er sýning á svokallaðri Vestfjarðamynd, Bæjarbrekkubrun og bordercross mót, söngskemmtun í skíðaskálanum í Tungudal, furðufatadagur.

Hljómsveitin SSsól heldur sitt árlega páskaball á Ísafirði en að auki spila reggísveitin Hjálmar og Ingó og Veðurguðirnir á Ísafirði um páskana.

Inn að beini

Steingrímur Rúnar Guðmundsson, verslunarstjóri, trúbador og brúðugerðarmaður

Ísfirðingurinn Steingrímur Rúnar Guðmundsson starfar sem verslunarstjóri á daginn en ófá kvöld bregður hann sér trúbadorshlutverkið og syngur fyrir kráargesti og spilar á gítar. Í frístundum býr hann til handbrúður í anda prúðuleikaranna margrómuðu.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?
Af nokkrum þá stendur upp úr þegar ég bauð Sæunni, konunni minni í heimsókn. Hún er ennþá í heimsókn 12 árum síðar.
Hvar langar þig helst að búa?
Helst vil ég búa á Ísafirði. En væri til í að prufa að búa í einhverju öðru landi.
Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?
Ætli það sé ekki það klassíska svar: Þegar maður sá dæturnar koma í heiminn.
Mestu vonbrigði lífs þíns?
Þegar við félagarnir í hljómsveitinni Krullupinnar fengum ekki að hita upp fyrir Greifana, um verslunarmannahelgi á Galtalæk, árið 1990.
Vorum mættir á svæðið og allt!
Mesta uppgötvunin í lífi þínu?
Sex strengja hljóðfæri sem heitir gítar.
Uppáhaldslagið?
Blindsker með Bubba Morthens.
Uppáhaldskvikmyndin?
True Romance eftir Tarantino.
Uppáhaldsbókin?
Stóra söngbókin með gítargripum.
Annars las ég 101 Reykjavík þrisvar sinnum.
Ógleymanlegasta ferðalagið?
Gæti nefnt ferð á skátamót í Færeyjum, þar sem við félagarnir fórum á voðalega kristilegt skátamót ásamt 14 stelpum frá Neskaupstað.
Uppáhaldsborgin?
Köben er mér að skapi.
Besta gjöfin?
Lífið.
Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?
Já, það hlýtur að vera eitthvað þarna úti....langt í burtu.
Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?
GSM síminn, tölvan, gítarinn.
Fyrsta starfið?
Eftir eina viku í bæjarvinnunni, þá var það Íshúsfélag Ísfirðinga. Fyrstu vikurnar fóru í að skeina grálúðu. Þar var maður í þrjú sumur.
Draumastarfið?
Eitthvað tengt sköpun, með voðalega frjóu fólki væri voðalega skemmtilegt.
Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?
Í kringum Idol-æðið, þá var mér oft líkt við eða ruglað saman við Kalla Bjarna. Svo hefur verið óskrað á eftir mér úti á götu : „Einar Bárðar!!!".
Fallegasti staðurinn á Íslandi?
Ég segi Vestfirðir, sérstaklega Jökulfirðir.
Skondnasta upplifun þín?
Ein sem stendur ennþá upp úr. Ætlaði einu sinni að mæta á tónleika hjá kór sem konan mín var í, er við bjuggum i borginni. Ég settist í miðjan salinn, og inn fer að streyma eingöngu kvenfólk. Sitja þær flissandi í kringum mig, eina karlmanninn. Eftir smá tíma átta ég mig á því að ég er í röngum sal, og kominn á æfingu hjá Kvennakórnum Léttsveit Reykjavíkur, c.a 100 konur.
Aðaláhugamálið?
Tónlist og brúðugerð. Inn á milli finnst mér gaman að elda. Eða lesa matreiðslubækur.
Besta vefsíðan að þínu mati?
Facebook.com.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Eflaust fyrst sjómaður eins og pabbi, bóndi eins og afi og svo kokkur. Hef aldrei farið á sjó, en gæti sýnt þér sjókokkaskírteinið mitt!
Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?
Gott jafnaðargeð.
En helsti löstur?
Get verið rosalega forvitinn.
Besta farartækið?
Strætó.
Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?
Jóladagur.
Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?
Helst þá foreldra minna, þau Lóu og Munda.
Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?
Er mjög ánægður með nöfnin mín tvö. Þótti Steingrímur kannski svolítið mikið og stórt á sínum tíma. Enda alltaf kallaður Denni af vinum og kunningjum. Væri til í að prufa að heita Jökull, en bara í smá tíma.
Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?
Á kvöldin, þá verða hlutirnir til.
Í hvaða stjörnumerki ertu?
Hrútur.
Lífsmottóið þitt?
Þetta reddast!

FERMING
Eigulegar gjafir
Tilboð
19.328 kr.
24.161 kr.
Dealer
fermingarstóllinn
frá Pennanum
Töskur
Mikið úrval
Orðabækur
Mikið úrval
• FERMINGARSTÓLLINN
• PENNASETT
• MYNDAVÉLAR
• TÖSKUR
• ORÐABÆKUR
• FERMINGARKORT
• TÖLVUORÐABÆKUR
• GJAFAKORT
Eymundsson.is
Skiptimiðinn
Eymundsson
Bóksali frá 1872

Stækkun Mjólkárvirkjun-ar ekki háð umhverfismati

Skipulagsstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að stækkun Mjólkárvirkjunar í Arnarfirði sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að ef framkvæmdirnar auki afhendingaröryggi og dragi úr notkun díselstöðva við raforkuframleiðslu, fylgi þeim talsverð jákvæð áhrif á samfélag á vestanverðum Vestfjörðum. Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar kemur fram að talið er að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði ekki veruleg. „Við endurnýjun þrýstilagna að Mjólkárvirkjun I verða óhjákvæmilega sýnileg ummerki á framkvæmdatíma og á meðan svæðið er að jafna sig eftir að framkvæmdum er lokið. Skipulagsstofnun telur brýnt að standa þannig að verki að rask verði í algjöru lágmarki og að hafist verði handa við frágang svæðisins um leið og framkvæmdum lýkur. Gangi það eftir eigi neikvæð sjónræn áhrif framkvæmdanna að verða skammvinn og óveruleg," segir í skýrslu um niðurstöðuna.

Skipulagsstofnun telur að ef framkvæmdirnar auki afhendingaröryggi við raforkuframleiðslu þá fylgi þeim talsverð jákvæð áhrif á samfélag á vestanverðum Vestfjörðum. Ljósm: © Mats Wibe Lund.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag verði helst vegna veituskurða. Einkum vegna þess að bein lega þeirra fellur illa að náttúrulegu formi landslagsins. Þar sem þeir verða að mestu leyti á lítt grónu svæði til heiða og sjást eingöngu þegar komið er að þeim þá verði áhrif þeirra ekki veruleg.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðuneytisins og er kærufrestur til 20. apríl 2010.

– thelma@bb.is

Spurningin

Hefur þú dregið úr neyslu á nauðsynjavörum eftir að kreppan skall á?

Alls svöruðu 541.
Já sögðu 354 eða 65%
Nei sögðu 187 eða 35%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Norðaustanátt, él norðantil en skýrir fram eftir degi syðst. Frystir smám saman víðast hvar.
Horfur á laugardag:
Norð- og norðaustlæg átt og éljagangur, en þurrt að mestu á sunnan- og vestanverðu landinu.
Horfur á sunnudag:
Norðaustlæg átt með éljagangi en þurrt sunnan- og vestanlands. Kalt.

Ritstjórnargrein

Hvað nú, hæstvirtur ráðherra?

„Það er einfaldlega staðreynd, og hvorki stjórnvöldum né orkufyrirtækjum til sóma, að Vestfirðir búa við þriðja flokks raforkukerfi," sagði þáverandi iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, á fundi með sveitarstjórn Árneshrepps í ágúst 2008. Og ráðherrann tók af öll tvímæli um að hann hyggðist beita sér fyrir gjörbreytingu á þessu ófremdarástandi. Tveir kostir væru í boði. Annars vegar nýtt flutningskerfi raforku til Vestfjarða, tæknilega framkvæmanlegt en afar dýrt, hins vegar orkuframleiðslu í fjórðungnum, margra hluta vegna mun skárri kostur. Þar væri virkjun Hvalár efst á blaði.

Í ágúst 2009 gerði gamalkunnur draugur á Vestfjörðum óþægilega vart við sig: rafmagnsleysið. BB rifjaði þá upp framangreind ummæli ráðherrans, sem þá hafði flutt sig um set innan stjórnkerfisins og spurði: Sló fyrirrætlunum orkuráðherrans fyrrverandi um lausn á raforkuvanda Vestfirðinga út, við það að hann skipti um ráðherrastól, eða er unnið að því (af eftirmanni hans) að þeir sitji við sama borð og aðrir þjóðfélagsþegnar?

Ef til vill er til of mikils ætlast að ráðherra svari milliliðalaust spurningu BB. Hvað sem því líður er spurningin mikilvæg þar sem hún varðar afkomumöguleika íbúa alls Vestfjarðakjálkans. Nöturlegt er að rúmu hálfu ári eftir að hún var borin fram og hálfu öðru ári eftir að fyrirheit var gefið um að nú yrði spýtt í lófana, skuli ástandið í raforkumálum Vestfirðinga vera í sama hjólfarinu. Fyrirspurn bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar til iðnaðarráðuneytisins um hvort 61. grein EES samningsins gæti nýst til að greiða fyrir virkjun Hvalár, ber aðgerðarleysinu vitni: „Afhendingaröryggið er ekki upp á marga fiska og er tap samfélagsins metið á einar 500 milljónir kr. árlega vegna orkutaps og vinnutaps og tjóns á tækjum sem af því leiðir," segir meðal annars í bréfi bæjarstjórans.

Í viku hverri berast fregnir um að í iðnaðarráðuneytinu sé unnið öllum stundum að undirbúningi að hinum og þessum virkjunarframkvæmdum, sem ætlað er leysa orkuþörf hinna og þessara fyrirtækja, sem ætlunin er að reisa á hinum þessum stöðum, þar sem þörf er sögð fyrir ný atvinnutækifæri. Allt má þetta vera gott og blessað. Það skal hins vegar sagt umbúðalaust að Vestfirðingum þykir súrt í broti að hálfu öðru ári eftir vallhumalstedrykkju ráðherrans í Ófeigsfirði skuli áformin um virkjun Hvalár enn á byrjunarareit.

BB hefur velt því upp hvort fyrirrætlunum ráðherra slái út (líkt og rafmagni) við stólaskipti; sá viðtekni telji sig þar enga ábyrgð bera, pólitískt séð kunni hann að hafa allt annarra hagsmuna að gæta en fyrirrennarinn. Vonandi er svo ekki. En, hvað nú, hæstvirtur iðnaðarráðherra, mega Vestfirðingar vænta lausnar á raforkuvandanum eða eiga þeir áfram að vera „þriðja flokks"?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Vestfirðir 2010

Vinnsla á ferðablaðinu Vestfirðir 2010 er komin á fullan skrið. Blaðið, sem nú kemur út 16. sumarið í röð, mun áfram birta góðar upplýsingar og staðarlýsingar fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði, frásagnir fólks sem hefur ferðast um Vestfjarðakjálkann og hrifist af svæðinu ásamt fjölda fallegra mynda. Í blaðinu verður einnig að finna ábendingar um áhugaverða viðkomustaði í fjórðungnum og viðburði sem vert er að sækja. Líkt og fyrr mun blaðið liggja frammi á yfir 200 stöðum á landinu, þ.e. upplýsingamiðstöðvum og áningarstöðum ferðafólks.

Þeim sem vilja koma á framfæri upplýsingum í blaðið um starfið í sumar er vinsamlegast bent á að hafa samband við Hlyn Þór Magnússon í síma 892 2240 eða 434 7735 eða í netfanginu hlynur@bb.is. Skilafrestur efnis er fyrir lok mars. Þá þarf að panta auglýsingapláss tímanlega eða í síðasta lagi 31. mars (miðvikudag fyrir páska) hjá Halldóri Sveinbjörnssyni í síma 894 6125 eða 456 4560 eða í netfanginu halldor@bb.is.

Stefnt er að útgáfu í byrjun maí.

Heilbrigðisstofun Vestfjarða á Ísafirði.

Framlög til heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum lækka um 70 milljónir

Framlag ríkisins til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða lækkar um 51,5 milljónir króna í ár, eða sem nemur 4,9%. Mest lækkar framlagið til hjúkrunarsviðs stofnunarinnar eða um 37 milljónir króna. Þar er áætlað að spara með því að loka hjúkrunardeildinni á Flateyri en það mál er reyndar í skoðun hjá heilbrigðisráðuneytinu. Þá verður dregið úr mönnun á legudeildum á Ísafirði og á hjúkrunardeildinni í Bolungarvík. Bolungarvíkur- og Ísafjarðarlæknishéruð verða sameinuð þegar Bolungarvíkurgöng verða opnuð og áfram verður gætt aðhalds í rekstri og leitast við að halda allri mönnun í lágmarki. Framlag til heilsugæslusviðs verður lækkað um 6,2 milljónir eða 2% en horft er til hagræðingar innan heilsugæslu þegar Óshlíðargöng opna.

Þá lækkar framlag til sjúkrasviðs um 8,3 milljónir króna eða 1,8%. Þetta kom fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn þingmannsins Gunnars Braga Sveinssonar á Alþingi um niðurskurð í NV-kjördæmi.

Framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði lækkar um 20,3 milljónir krónur, eða 7,5%, á þessu ári. Lækkunin skiptist svo að framlagið til heilsugæslusviðs lækkar um 1,4 milljónir eða 1,3% og 0,9 milljónir eða 1,6% til sjúkrasviðs. Framlagið til hjúkrunarsviðs lækkar um 18 milljónir eða 17% og lækkunin vegna þriggja ónýttra hjúkrunarrýma og breytinga á starfsháttum lækna frá og með 1. mars, í stað tveggja fastra lækna verður einn fastur læknir. Hin staðan er leyst með verktöku fjögurra lækna sem skipta starfinu á milli sín. Þá fer fastráðinn læknir fer í tveggja mánaða launalaust leyfi í sumar og læknir í verktöku leysir hann af og er launakostnaður lægri á tímabilinu. Einnig verður fjárheimild til rannsókna og mötuneytis skömmtuð og laun lífeindafræðings lækkuð.

Nú þegar hefur verið gripið til ýmissa hagræðingaraðgerða. Hjá Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði var stöðugildi sjúkraþjálfara minnkað úr 50% í 30%. Starf hjúkrunarforstjóra á heilsugæslu lagt niður og hjúkrun á stofnuninni sett undir einn hatt. Læknar fara í tveggja mánaða launalaus leyfi auk sumarfría og námsleyfa, verktakar leysa þá af og hefur þetta fyrirkomulag lægri launakostnað í för með sér og dregið hefur úr gæsluvöktum lífeindafræðings um þriðjung.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hafa stöður deildarstjóra á bráða- og öldrunardeild verið sameinaðar í eina stöðu deildarstjóra legudeilda. Aðstoðardeildarstjórum fækkað um einn. Bakvakt hjúkrunarfræðings í Bolungarvík hefur verið felld niður. Læknum hefur fækkað um einn (samningur ekki framlengdur, heilsugæslulæknum þar með fækkað úr fimm í fjóra). Ljósmæðrum hefur fækkað um eina (ekki ráðið í stað þeirrar sem hætti). Stöðum á rannsóknardeild hefur fækkað (ekki ráðið í stað þeirrar sem hætti). Bókara í 50% stöðu var sagt upp. Yfirvinna hefur verið skorin niður hjá stjórnendum og þeim sem hafa fasta yfirvinnu. Stofnanasamningar hafa verið endurskoðaðir og laun lækkuð. Sérkjörum geislafræðinga hefur verið sagt upp. Læknar hafa staðið bakvaktir með afslætti (standa fleiri vaktir en þeir fá greitt fyrir). Opnun á heilsugæslu á Flateyri hefur verið breytt, nú vinna starfsmenn þaðan víðar innan stofnunarinnar. Minnkun starfshlutfalls hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra um 5%. Stöðugildi ræstingarstjóra minnkað um 50%. Meiri hluta fastra akstursgreiðslna sagt upp. Föstum akstursgreiðslum sem eftir voru var sagt upp í byrjun árs 2010. *– thelma@bb.is*

Kristín skipuð forstjóri Útlendingastofnunar

Ragna Árnadóttir dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur skipað Kristínu Völundardóttur, sýslumann á Ísafirði og lögreglustjóra Vestfjarða, í embætti forstjóra Útlendingastofnunar, frá og með 1. apríl nk. Embættið var auglýst laust til umsóknar 15. janúar og rann umsóknarfrestur út 4. febrúar síðastliðinn.

Kristín Völundardóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og L.LM.-gráðu frá McGill University í Quebec í Kanada árið 1994. Frá árinu 2007 hefur Kristín verið sýslumaður á Ísafirði og lögreglustjóri Vestfjarða. Árið 2006 var hún sýslumaður og lögreglustjóri á Hólmavík. Árið 2005 vann Kristín sem sérfræðingur á einkamála- og borgaraskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og starfaði m.a. að útlendingamálum. Árið 2004 og fram í ársbyrjun 2005 var hún forstöðumaður leyfasviðs Útlendingastofnunar.

Árið 2003 og fram til ársins 2004 starfaði Kristín sem lögfræðilegur ráðgjafi hjá Útlendingastofnun, en hún hóf störf hjá Útlendingaeftirlitinu árið 1999, sem gert var að Útlendingastofnun árið 2003. Árið 1999 vann Kristín hjá embætti ríkislögreglustjóra við meðferð hælisumsókna og almenna lögfræðilega aðstoð. Frá 1994-1999 starfaði Kristín hjá sýslumanninum í Kópavogi.

850 þúsund til menningarmála

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt 850 þúsund króna fjárveitingu til menningarmála í sveitarfélaginu í ár. Sjö umsóknir hafa borist bæjaryfirvöldum um styrki og hafa sex umsóknir verið samþykktar. Leiklistarhátíðin Act Alone, sem haldin er í Ísafjarðarbæ í águst, fær 200 þúsund króna styrk, Litli leikklúbburinn fær einnig 200 þúsund til uppsetningar á leikverkinu „Vegir liggja til allra átta“ sem sýnt hefur verið á Ísafirði frá áramótum og kvikmyndin Vaxandi tungl fær 150 þúsund krónur en að framleiðslu myndarinnar stendur kvikmyndafélagið Í einni sæng ehf.,, Fiskvinnslan Íslandssaga ehf., á Suðureyri og Sigurður Ólafsson á Suðureyri.

Þá fær alþjóðlega Swingdanshátíðin styrk upp á 100.000 krónur en sótt var um styrk vegna hátíðarinnar „Artic Lindy Exchange“ sem haldin verður bæði í Reykjavík og á Ísafirði í ágúst. Menningarmiðstöðin Edinborg fær 100.000 króna styrk og hjónin Guðlaug Jónsdóttir og Karl K. Ásgeirsson á Ísafirði fá 100 þúsund króna styrk til útgáfu matreiðslubókar, sem verður með skírskotun til svæðisins. Fyrirhugað er að hefja vinnu við bókina á árinu 2010 og er áætlað að vinnan standi í eitt og hálft til tvö ár.

Lífæðin FM Í Bolungarvík sótti einnig um styrk frá Ísafjarðarbæ vegna rekstrar á menningarútvarpi í Bolungarvík en útsendingar náðust í Bolungarvík, á Ísafirði, í Súðavík og á Suðureyri. Beðið var um styrk að fjárhæð 200.000 krónur en Ísafjarðarbær veitir Lífæðinni ekki styrk í þetta sinn. *– kristjan@bb.is*

Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusar á Íslandi, heimsótti Eyrarskjól í fyrra og tók þátt í vina kakói leikskólans.

Allir leikskólar í Ísafjarðarbæ ætla innleiða Olweusaráætlunina

Allir leikskólar Ísafjarðarbæjar ætla að taka upp eineltisáætlun Olweusar fyrir starfsárið 2010-2011. Áætlunin hefur verið notuð í grunnskólum Ísafjarðarbæjar í nokkur ár og á leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði síðan 2008, en hann var fyrsti leikskólinn á landinu til að innleiða verkefnið. Eineltisáætlunin á að verða hluti af hefðbundnu starfi leikskólans. Áætlunin byggir á áralöngum viðamiklum rannsóknum á einelti í Svíþjóð og Noregi. Á bak við hana stendur hópur sérfræðinga undir stjórn Dan Olweus sálfræðings og prófessors við háskólann í Bergen.

Áætlunin hefur verið prófuð við marga skóla, m.a. í Bandaríkjunum þar sem hún var valin ein af tíu bestu úr hópi 400 slíkra áætlana. Í landsátaki gegn afbrotum unglinga í Noregi árið 2005 var áætlunin valin virkasta forvörnin í skólum landsins og þeir studdir í að innleiða hana. Frá þessu er greint á vef leikskólans Grænagarðs á Flateyri.

– thelma@bb.is

Sameiginleg ákvörðun að Borce hætti

Brottför þjálfarans Borce Ilievski frá KFÍ var sameiginleg ákvörðun aðalstjórnar félagsins og hans. „Þeirri ákvörðun er ekki hægt að breyta og ágreiningsatriði er ekki hægt að ræða opinberlega enda um trúnaðarmál að ræða sem bundin eru ráðningarsamningum,“ segir í yfirlýsingu sem birt hefur verið á vef félagsins sem birt er í kjölfar þeirrar miklu umræðu sem hefur farið fram á samskiptavefjum, fréttasíðum og meðal stuðningsmanna KFÍ. Þar er bent á að stjórnarstörf í félagsstarfi eru sjálfboðastörf og hjá KFÍ hafa stjórnir undanfarinna ára tekist að koma rekstri félagsins á réttan kjöl, því til viðbótar státar félagið af öflugum yngri flokkum og meistaraflokk sem spilar nú aftur meðal bestu liða Íslands. „Það hafa allir átt sinn þátt í þeirri velgengni leikmenn, þjálfari, stuðningsmenn og stjórn.“

Þar segir jafnframt. „Það er afar auðvelt að gagnrýna störf stjórnar og enn auðveldar að gera það með óréttmætum hætti. Sú gagnrýni sem nú er uppi varðandi stjórnarstörf er ómakleg, þar sem þeir aðilar sem hafa unnið að málefnum stjórnar (og nú er vegið að) hafa gert það með heildarhagsmuni KFÍ að leiðarljósi. Gagnrýni þarf fyrst og fremst að vera málefnaleg og byggja á staðreyndum málsins, sem ólíklegt er að öllum þeim sem hafa tekið þátt í gagnrýninni sé kunnugt.“

Vísað er í viðtal við Borce við karfan.is þar sagt er að „...hann og félagið hafi ekki verið sammála um framtíðarplön félagsins og því hafi verið best að slíta samstarfinu.“ Á kfi.is segir að það sé trúnaðarmál stjórnar og þjálfara hvaða atriði það eru nákvæmlega sem valda þessum ágreiningi, enda um samband stjórnar og launþega að ræða sem ekki er hægt að gera opinbert. „Borce var í fullu starfi sem þjálfari meistaraflokks karla og sem yfirþjálfari yngri flokka félagsins og því afar mikilvægt að slíkur aðili deili skoðunum stjórnar. Eins og í öllum ágreiningsmálum þá er rót vandans fólgin í misjöfnum skoðunum. Stjórn þarf því að taka á slíku eftir bestu getu og taka ákvarðanir um hvað sé félaginu fyrir bestu út frá því.“

Tilkynningunni lýkur á þeim orðum að vonandi sé nú hægt að vinna að velgengni KFÍ og „hægt verði að nýta sér þann kraft sem býr í því fólki sem hefur sýnt ofangreindu máli áhuga til þess að auka veg og vanda félagsins.“

HÚSASMIÐJAN

Við völd-um listina

Oft er sagt að eitthvað eða einhver hafi komið hinum og þessum staðnum eða svæðinu á kortið. Þessa klisju er freistandi að nota um Elfar Loga Hannesson leikara og leikjahöfund og fjölbreytt starf hans hér vestra síðasta áratuginn. Hann hefur lagt drjúgan skerf til þess að koma Ísafirði og Vestfjörðum á kortið hvað leiklistina varðar, ekki síst undir nafni Kómedíuleikhússins.

Fyrir nokkrum árum var Elfar Logi útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar en sá heiðurstitill gildir í eitt ár. Og hver skyldi svo vera bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar þetta árið? Jú, það er eiginkona Elfars Loga, Marsibil G. Kristjánsdóttir myndlistarkona frá Þingeyri.

Elfar Logi er Bílddælingur að langfeðgatali og á Bíldudal við Arnarfjörð er hann fæddur árið 1971 þannig að maðurinn er ekki alveg orðinn fertugur. Hann segir það mikil forréttindi að hafa alist upp á Bíldudal, í því mikla og fornfræga menningarplássi sem var á ýmsan hátt í forystu hérlendis þegar athafnamaðurinn Pétur J. Thorsteinsson réð þar ríkjum.

„Bernskuheimili mitt var fullt af menningu og ævintýrum“, segir Elfar Logi. „Í æsku minni var faðir minn verslunarstjóri í merkri búð, Verslun Jóns S. Bjarnasonar. Á þeim tíma voru tvær verslanir á Bíldudal, það var líka kaupfélag. Pabbi *[Hannes Friðriksson Stephensen kaupmaður á Vegamótum á Bíldudal]* starfaði af krafti í leikfélaginu og var formaður held ég allan tímann sem ég man eftir mér. Hann er leikari af guðs náð og það var dágóður skóli að horfa á hann á sviðinu. Í seinni tíð hef ég gjarnan borið hann saman við Gísla heitinn Halldórsson.

Faðir minn hefur svo einstaka nærveru á sviði og fer létt með að stela senunni um leið og hann birtist þar. Auk þess er hann mikil stjórnandi eins og sannast hefur hversu vel Leikfélaginu Baldri á Bíldudal gekk á sínum tíma. Félagið sýndi um alla Vestfirði og alls staðar biðu menn spenntir eftir að sjá leik Bílddælinganna. Maður hefur fengið eitthvað frá kallinum.“

Leiklistin beið alltaf

„Leikfélagsstarfið tók mikinn tíma og þegar setja átti upp leikverk tók allur bærinn þátt í því. Móðir mín *[Þórunn Helga Sveinbjörnsdóttir]* hefur verið helsti búningameistari leikfélagsins og hefur dressað upp allar helstu persónur leiksviðsins, allt frá séra Sigvalda í Manni og konu til Ketils skræks í Skugga-Sveini. Þetta voru ekki bara leiksýningar heldur hefur félagið alltaf verið duglegt við að poppa upp menningarlífið á staðnum og hefur stytt mönnum skammdegið í gegnum áratugina.

Maður fékk að fljóta með og fékk þetta beint í æð þannig að það fór ekkert milli mála hvað gera skyldi í framtíðinni. Ætli ég hafi ekki í rauninni ákveðið það eitthvað um fermingaraldurinn. Maður prófaði að vísu ýmislegt. Þannig fór ég um tíma í viðskiptanám og lagði stund á einhverja bókfærslu og rekstrarhagfræði sem mér gekk alveg hrikalega illa með. Annað stutt ævintýri var líka þegar ég ætlaði að læra að verða íþróttakennari. Leiklistin beið samt alltaf eftir því að komast að.“

Eldskírnin

„Ég var sex ára þegar ég fór fyrst á svið og fékk þá mikla eldskírn þegar ég lék á móti einum af risunum þremur í bílddælskri leiklist, Erni Gíslasyni. Hann lék móður mína, Grýlu að nafni, en ég var mjög ódæll sonur ásamt nokkrum öðrum Grýlubörnum. Hann dró mig á eyrunum og svo var hann með pott sem var náð í korter fyrir sýningu úr leikmunakjallaranum í Baldurshaga. Veit nú ekki hvenær potturinn sá var síðast brúkaður né í hvað en allavega var í honum einkennileg moldarskán. Ég var frakkur og fremstur í röðinni af krökkunum og þú segir ekkert nei við svona stórleikara þannig að ég varð að gófla í mig skeið af moldinni sem Örn stakk upp í mig eftir að hafa skafið botn pottsins vel og vendilega. Enn í dag man ég bragðið af þessari einstöku moldartegund. Eftir þessa eldskírn hefur fátt komið mér á óvart í leikhúsinu.

Annars var ekki verið að setja upp nein sérstök barnaleikrit þannig að við börn leikfélagsfólksins fengum yfirleitt ekki að stíga neitt á svið heldur vorum við þarna þegar verið var að æfa, að þvælast fyrir og svona. Helst að það væru einhver grímuböll. Svo gerðist nú eiginlega ekkert fyrr en maður var kominn í efstu bekki grunnskóla. Þá hellti ég mér talsvert mikið í leiklistina og á þeim tíma varð ljóst að ég vildi fara þessa leið, sem reyndar varð mjög löng og mikil barátta, eins og hjá svo mörgum.“

Áfallið

„Mig langaði til að komast í Leiklistarskóla Íslands og var eiginlega kominn þar inn í huganum. Þar er þreytt inntökupróf og múgur og margmenni sem sækir um en ég var eiginlega þeirrar skoðunar að þetta væri nú bara formsatriði hvað mig snerti, hér væri kominn nýjasta stjarna hins íslenska leiksviðs úr menningarbænum Bíldudal. Maður þarf að vera orðinn nítján ára til að sækja um í skólann og ég var rétt skriðinn á þann aldur þegar ég fór í inntökuprófið. Svo kom svarið og það var náttúrlega gífurlegt áfall að dómnefndin skyldi ekki hafa komið auga á snilldartakta mína og þetta mikla leikaraefni. Auðvitað lenda flestir í þessu. Ég held að við höfum verið um 130 sem þreyttum prófið en það voru átta sem komust inn í skólann.

En áfallið var mikið og þá átti nú bara að snúa sér að kaupmennskunni. Við Marsibil konan mín vorum þá byrjuð saman og skelltum okkur vestur á Bíldudal. Ætlunin var bara að setjast þar að og gefa skít í allt sem hét leikhús og gerast kaupmaður og aðstoða við Vegamót, verslun foreldra minna sem fjölskyldan rekur enn í dag. En þú losnar ekkert við þessa bakteríu og það leið nú ekki langur tími áður en maður var farinn að stíga á sviðið í Baldurshaga. Eftir það hef ég nánast ekkert hætt í þessu, að minnsta kosti ekki eftir að ég útskrifaðist úr leiklistarnámi.“

Leiklistarnám og Sjónvarpið

„Loksins þegar ég fór í leiklistarnám árið 1995 þegar ég var að

verða hálfþrítugur fór ég út til Danmerkur og lærði þar við skóla sem heitir The Commedia School en allt námið þar fer fram á ensku. Þetta var tveggja ára nám og þegar ég kom heim var ég svo heppinn að ég fékk strax alveg fullt að gera. Um haustið er ég ráðinn til að sjá um Morgunstund barnanna í Sjónvarpinu og var í því eitt ár.

Sá tími var virkilega mikill skóli. Ég vona að vinnubrögðin þar hafi nú eitthvað breyst, en þau voru nokkuð sérstök. Það var haldið inntökupróf og ég varð fyrir valinu. Það var hringt í mig á miðvikudegi og ég átti að mæta í upptöku á mánudegi og vera þá tilbúinn með fyrstu fjóra þættina. Það komu engar leiðbeiningar frá Sjónvarpinu og engar línur lagðar og ekkert í boði að kynnast stúdíóinu áður og kynnast dæminu heldur fórstu bara beint út í djúpu laugina, sem í aðra röndina er að vísu bara gott. Ég held að í Sjónvarpinu þurfi að hugsa svolítið til þess að leggja línurnar því að það er allt annað að leika í leikhúsi en í sjónvarpi. Það er tvennt ólíkt því að myndavélin grípur allt. En ég var svo heppinn að hafa afskaplega góðan samstarfsmann, Andrés Indriðason dagskrárgerðarmann, og það var eiginlega hann sem bjargaði mér.

Þessi fyrsti dagur í upptöku var mjög sérstakur, í stóru stúdíói og með nokkrar kamerur sem ég hafði aldrei kynnst fyrr og allt þurfti að ganga smurt. Við höfðum eitthvað um tvo klukkutíma til að taka upp alveg gífurlegt efni þannig að það varð eiginlega allt að takast í fyrstu tilraun. En einhvern veginn hafðist þetta nú og þættirnir urðu fjöldamargir á þessu eina ári. Af þessu lærði ég óskaplega mikið.

Síðan þá hef ég verið í þessari svokölluðu lausamennsku. Þetta hafa verið tarnir. Eftir því sem þú verður eldri, þá held ég að maður sé ekki alveg eins klikkaður að finnast það bara allt í lagi að vita ekki í dag hvað þú ætlar að gera á morgun. Maður þarf að leggja línurnar þannig að maður hafi annað verkefni þegar þessu lýkur. Þó að ég sé búinn að vera í þessum bransa alveg frá 1997 er það eiginlega nýskeð hjá mér að ég geti lifað þokkalega af þessu.“

Helvíti þrjóskur

– Fluttuð þið Marsibil vestur strax eftir að árið hjá Sjónvarpinu var liðið?

„Nei, ekki strax. Ég er nú alls ekki borgarbarn og fljótlega fór ég að sækja í að leikstýra úti á landi. Meðal annars var ég á Egilsstöðum og svo var ég að vinna með Morranum hér á Ísafirði tvö sumur í röð en þá um veturinn var mér boðið að leikstýra hjá Litla leikklúbbnum. Það var haustið 1999 og þá fórum við að íhuga að taka skrefið að flytja vestur. Þegar ég var með Morrann sumarið eftir ákváðum við síðan að setjast að hér á Ísafirði. Vestfirðir voru eiginlega það eina sem kom til greina. Bíldudalur er náttúrlega mitt æskupláss og þangað liggja taugarnar en staðurinn er vissulega ekki stór og þess vegna erfitt að hafa þar atvinnu af leiklistinni. Meira að segja hér á Ísafirði hefur þetta tekið tíma.

Í byrjun fannst kollegunum í leikarastétt þetta hin mesta firra og þetta myndi aldrei ganga. Ég yrði bara kominn í frystihúsið eftir tvö-þrjú ár. En maður er helvíti þrjóskur og hafði trú á því að hægt væri að lifa á listinni, hér alveg eins og í Kópavogi eða hvar sem er. Ég held að það sé núna komið á daginn. En það er auðvitað undir Ísfirðingum og Vestfirðingum komið að vilja hafa einhverja svona starfsemi í gangi. Í dag er ég mjög ánægður hvernig Vestfirðingar hafa tekið þessari hugmynd um atvinnuleikhús.“

Kómedíuleikhúsið

– Hvernig kviknaði hugmyndin að Kómedíuleikhúsinu? Hvernig varð það til?

„Lífið er eintómar tilviljanir og eitthvað sem vindur bara upp á sig. Ég stofnaði þetta leikhús strax eftir að ég útskrifaðist ásamt félaga mínum, Róbert Snorrasyni, sem var með mér í námi úti í Danmörku. Við starfræktum það syðra sumarið 1997 og síðan hvarf það ofan í skúffu. Svo tók ég það bara með mér hingað vestur en þá var Róbert fluttur út til Danmerkur og hefur búið þar síðan.

Ég átti mér alltaf þann draum að geta gert eitthvað með þetta leikhús. Það var svo árið 2001 sem það fer í gang hérna fyrir vestan. Þá fékk ég Guðjón Ólafsson enskukennara við Menntaskólann sem var hér mjög virkur í leiklistarlífinu og hann leikstýrði mér í einleik eftir Samuel Beckett sem heitir Leikur án orða. Leikurinn var sýndur í Edinborgarhúsinu meðan þar var ennþá moldargólf og skítakuldi. Þetta var um páskana og við vorum með hitablásara og fólk mætti alveg kappklætt. Þá var ég reyndar ekkert farinn að hugsa um Kómedíuleikhúsið sem vestfirskt atvinnuleikhús.“

Vestfirsk saga og menning

„Árið 2003 fær leikhúsið hins vegar styrk frá Leiklistarráði til að setja upp sýningu um Mugg eða Guðmund Thorsteinsson listamann frá Bíldudal. Maður er alltaf að grufla í sinni heimasögu. Síðan höfum við langmest unnið með vestfirska sögu og menningu. Þetta var fyrsta og eina skiptið sem við höfum fengið styrk frá Leiklistarráði. Þetta var myndarlegur styrkur og við gerðum líka sýningu sem var nokkuð stór og mikil. Að vísu varð taprekstur á henni, en það skiptir ekki máli, því að segja má að hún hafi lagt grunninn að því sem koma skyldi. Við fórum með sýninguna í Borgarleikhúsið og fengum strax nokkuð góða kynningu. Þá kveikti fólk á því að það væri atvinnuleikhús á Vestfjörðum og fannst það ekkert vitlaust.

Steinn Steinarr kemur ári síðar, einleikur um hann, og þá var brautin rudd. Svo kom Gísli Súrsson og síðan hver einleikurinn á fætur öðrum. Á síðasta ári var svolítið breytt um stefnu og leikendum fjölgað um helming, því að þá settum við upp tvíleikinn Heilsugæsluna eftir Lýð Árnason lækni. Þá erum við búin að bæta við okkur heilum leikara, reyndar leikkonu, Margréti Sverrisdóttur, sem er að vísu búsett í Reykjavík. Við höfum ekki náð að dobla hana hingað vestur til að setjast að, en það er aldrei að vita hvað gerist.“

Gísli Súrsson opnaði dyrnar

„Svona hefur leikhúsið verið smátt og smátt að tryggja sér sess, en ég held að það sé ekki hallað á neinn eða neitt þó að ég segi að ekkert hafi gerst af viti fyrr en Gísli Súrsson kom til sögunnar. Þá opnuðust okkur gríðarlega margar dyr. Ég hef farið með hann um allt land og líka til útlanda, einu sinni meira að segja alla leið til Albaníu. Tvisvar hef ég farið með hann á erlendar leiklistarhátíðir og fengið verðlaun í bæði skiptin.

Við hittum einhvern streng með þessari sögu. Það var 2005 sem við settum Gísla Súrsson á svið og það er ekkert lát á eftirspurn eftir sýningunni þó að hún sé í súrnum núna. Við ákváðum að hvíla hana núna í vetur. En súrinn stendur stutt yfir því nú þegar er búið að bóka slatta af sýningum næsta sumar. Við erum með hana á ensku líka. Það var mjög mikilvægt að koma henni yfir á ensku því að það er ekki svo mikið af efni sem er í boði á erlendum tungumálum.

Ég hef lengi verið mjög upptekinn af því sem kallast menningartengd ferðaþjónusta. Ætli það hafi ekki verið strax þegar við vorum að vinna með Mugg þegar við kveiktum á þessu. Leikhúsið á mikil tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu. Hér á Vestfjörðum liggja þar bæði mikil tækifæri og atvinna en það þarf að kýla á þetta, það þýðir ekki að vera að því með hálfum huga.“

Hljóðbækurnar

– Hljóðbækurnar eru sérstakur kapítuli hjá þér ...

„Já, maður þarf alltaf að finna eitthvað til að treysta stoðir leikhússins og líka til að geta borgað sjálfum sér laun nokkuð reglulega. Hugmyndin að hljóðbókunum er komin frá konunni. Hún er mikill unnandi hljóðbóka og hlustar mikið á þær á vinnustofunni hjá sér. Hún nefndi þetta við mig einhvern tímann og við ákváðum að kýla á þetta. Fyrir einhverja tilviljun urðu þjóðsögur fyrir valinu, en þær hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Reyndar las ég inn sögur fyrir Vestfirska forlagið fyrir allmörgum árum, bæði gamlar og nýjar þjóðsögur.

Við ákváðum að gera þetta og taka fyrir ákveðin svæði. Við byrjuðum náttúrlega á því að taka heimabyggðina, þjóðsögur úr Vesturbyggð. Núna höfum við gefið út fimm hljóðbækur og sú sjötta er í fjölföldun. Það eru þjóðsögur frá Hornströndum og Jökulfjörðum. Þetta hefur gengið vel og fyrstu þrjár eru uppseldar hjá mér, Vesturbyggðin, Ísafjarðarbær og Strandirnar.“

Act alone

– Einleikjahátíðin Act alone hefur unnið sér fastan sess á Ísafirði á hverju ári.

„Hún byrjaði tiltölulega snemma eða árið 2004. Það var líka bara hugmynd sem kviknaði á einni kvöldstund og var síðan komið í framkvæmd á einni helgi. Núna í sumar um miðjan ágúst verður hún haldin sjöunda árið í röð. Velgengni hennar hefur komið mjög á óvart. Þessu var startað í miklum fljótheitum en hefur vaxið og dafnað með tímanum. Við erum búin að fá hingað á hátíðina marga af fremstu leikurum þjóðarinnar og mikið af erlendum listamönnum líka.

Act alone er eins og sumir fleiri viðburðir hér fyrir vestan að því leyti að hún er fyrir alla og það kostar ekkert inn. Á þessari hátíð höfum við fengið húsfylli á hverri einustu sýningu. Segja má að þetta sé uppskeruhátíð einleiksins á Íslandi. Við höfum verið að stimpla okkur aðeins betur inn sem einleikjabærinn Ísafjörður með því að vera með svona alvöru festival.“

Samstarf við Grænland

„Við erum langt komin að undirbúa hátíðina í sumar. Þar á meðal er verkefni sem er afskaplega ánægjulegt að landa. Okkur hér á Ísafirði hefur lengi langað til að tengja okkur með einhverjum hætti við Grænland. Þar í höfuðstaðnum Nuuk er starfandi eitt atvinnuleikhús, Silamiut, sem norskur maður stýrir. Hann hafði einhvern veginn frétt af Act alone hjá okkur og þau koma hingað í sumar með sýningu. Við erum þegar búin að taka upp vinaleikhússamband og ætlum að reyna að vinna svolítið saman.

Í september ætla ég að fara út til þeirra og sýna þar Gísla Súrsson bæði á íslensku og ensku í menningarhúsi Grænlendinga í Nuuk. Jafnframt hafa þau boðið mér að taka þátt í trúðanámskeiði sem þau ætla að halda. Eitthvað gæti komið úr úr þessu samstarfi. Þetta er að minnsta kosti góð byrjun. Það var gaman að fara til Albaníu en ég hlakka ekki síður til að heimsækja Grænland.“

Hjónin bæði bæjarlistamenn

– Það er dálítið sérstakt, að ekki sé meira sagt, að þið hjónin hafið bæði verið valin bæjarlistamenn Ísafjarðarbæjar, með nokkurra ára millibili.

„Já, það er sérstakt, held ég sé óhætt að segja. Það var virkilega ánægjulegt þegar Marsibil var útnefnd bæjarlistamaður fyrir þetta ár. Mér finnst hún eiga það sannarlega skilið og er alveg geðveikt stoltur af henni. Hún hefur verið afskaplega dugleg að vinna að listinni og að skapa sér verkefni. Hún hefur verið að vinna mjög fjölbreytt og gerólík verk. Þannig má nefna að núna síðast var hún að hanna búninga fyrir leikverkið Síðasta dag Sveins skotta sem ég set upp í samstarfi við Lýðveldisleikhúsið í Reykjavík. Hún er líka að vinna að búningum fyrir vestfirsku kvikmyndina Vaxandi tungl sem Lýður Árnason læknir er að gera. Það er kvikmynd sem verður nánast alveg tekin upp hér fyrir vestan, aðallega á Súganda.

En myndlistin er hennar aðal. Núna síðast opnaði hún sýningu sem heitir Kirkjur á Vestfjörðum og var opnuð í Safnaðarheimilinu hérna á Ísafirði fyrir troðfullu húsi. Þeirri sýningu er að ljúka þar en þá fyrst byrjar fjörið því hún mun fara á flakk um Vestfirðina og hefur leikinn í Einarshúsi í Bolungarvík.

Marsibil hefur áður unnið með grafíkina með góðum hætti þegar hún gerði Gísla sögu Súrssonar skil. Þar er um að ræða dúkristur sem eru unnar eftir fleygjum setningum úr Gísla sögu. Gaman er að geta þess að sú sýning verður opnuð í Reykjavík á vormánuðum og að öllum líkindum mun einleikurinn um Gísla fylgja með þeim pakka. Marsibil hefur sannarlega verið dugleg að skapa sér sín verkefni. Það er kannski gott dæmi um það hvernig listin er: Þú þarft að vera í öllum andskotanum til að eiga fyrir salti í grautinn. Það er bara spurningin hvar hæfileikarnir liggja. Hennar hæfileikar eru svo miklir að hún getur farið ansi víða, eða eins og segir í kvæðinu: Vegir liggja til allra átta.“

– Þið Marsibil eruð búin að vera saman í meira en tuttugu ár

eða frá því fyrir tvítugt.

„Já, þetta byrjaði bara nokkuð snemma. Við kynntumst á Núpi í Dýrafirði þar sem við vorum saman í skóla og þessu var startað mjög hratt og ákveðið! Þetta var haustið 1989. Svo ákváðum við að fara heim á Bíldudal strax eftir áramót, voða skotin, og ætluðum bara að setjast þar að. Við fengum inni hjá mömmu og pabba og fengum líka vinnu þar. Svo kom bara fyrsta dóttirin af þremur sem við eigum. Það var Þórunn Sunneva árið 1991. Síðan eigum við tvær aðrar prinsessur, Heiði Emblu og Öldu Iðunni."

Megas og Megakukl

– Svo er það músíkin.

„Ég er mikill unnandi tónlistar. Bæði tónlist og myndlist hafa kveikt töluvert í mér sem njótanda og jafnvel meira en leikhúsið undanfarið. Ég spila ekki á hljóðfæri heldur syng ég, eða svo er allavega sagt. Mig hefur oft langað til að kunna á eitthvert hljóðfæri en þolinmæðina hefur vantað. En fermingarárið mitt var stofnuð hljómsveit á Bíldudal og ég vildi endilega vera með. Bara spurning hvað ég ætti að gera, en þetta er nú þannig í félagsstarfinu á Bíldó að allir segja já. Svo kemur bara í ljós hvert hlutverk þitt verður. Sú hljómsveit sem hét hinu frumlega nafni Flipp var nú bara starfrækt í eitt sumar.

Á einni æfingunni prófaði ég að syngja lag eftir Megas sem heitir LóaLóa. Strákunum fannst þetta bara svo helvíti gott hjá mér að ég ákvað að syngja þetta á okkar fyrstu uppákomu. Auk þess gegndi ég starfi gógó-pilts í þessari grúppu og kom fram í skrautlegum búningum, meðal annars heimasaumuðum stuttbuxum sem vöktu gífurlega athygli, en um danstaktana get ég lítið sagt.

Allt frá þeim tíma hefur Megas verið með mér ansi víða því að ég er búinn að vera að syngja hann allar götur síðan. Reyndar hefur það heldur aukist fremur en hitt. Fyrir ári eða svo settum við saman hljómsveit í kringum um þetta sem við nefnum Megakukl, við Guðmundur Hjaltason og Baldur Hólmgeirsson. Fyrir stuttu spiluðum við fyrir troðfullum sal á Hótel Ísafirði þar sem við fluttum lög Megasar. Þetta er náttúrlega þvílíkur snillingur og textar hans eru leikhús. Á tónlistarsviðinu passar þetta vel við mig því að bæði Bob Dylan og Tom Waits hafa verið í uppáhaldi hjá mér eftir að ég uppgötvaði hvað mér þykir gott að hlusta á tónlist.

Og þá meina ég hlusta. Það opnast manni geggjaður heimur uppfullur af ævintýrum og svo er líka svo gott að hlusta á músík þegar maður er að vinna. Ég hef gert talsvert af því að skrifa og skondið að segja frá því að þegar ég set safnplötu með norsku sveitinni Aha á, þá kemst ég alltaf í gott stuð og skrifa út í eitt. Ég er náttúrlega eitísunglingur og þessi músík rennur svo smúkt líkt og reyfari. Þú þarft ekkert að pæla heldur getur byrjað hvar sem er, þannig að þegar ég er í virkilegu stuði eða er orðinn of seinn að ljúka við handritsskrif, þá tek ég fram safndiskana Sítt að aftan sem innhalda þessa einstöku eitísmúsík. Þá er stuð á lyklaborðinu."

Kaupmaðurinn og listamaðurinn

– Þórarinn bróðir þinn er músíkant.

„Já, hann er alvöru músíkant. Hann spilar á gítar og syngur og semur tónlist og hefur gefið út eina þrjá geisladiska. Hann hefur verið nokkuð duglegur í listinni og núna er hann að vinna að því að koma upp Ljóðasetri Íslands á Siglufirði sem verður væntanlega opnað núna í sumar. Hann hefur líka verið að yrkja og hefur gefið út tvær ljóðabækur.

Það má segja að listin sé vakandi í ættinni. Það eru kaupmaðurinn og listamaðurinn, en kaupmaðurinn hefur verið með vinninginn í föðurætt minni. Það eru allmargir kaupmenn og bísnissmenn í ættinni. Hannes Stephensen langafi minn var verslunarmaður hjá Pétri J. Thorsteinsson á Bíldudal."

Langi Mangi

– Kaffihúsið Langi Mangi er einn kaflinn í sögu ykkar hjónanna.

„Já, fyrir nokkrum árum opnuðum við kaffihús hér á Ísafirði sem við nefndum Langa Manga. Þetta var svipað með Act alone og margt annað sem mann hefur langað til að gera og maður bara ákvað að framkvæma það. Ekkert að pæla alltof mikið í því og allra síst hvað það kosti eða hvernig maður færi að því. Bara byrja. Þetta var nokkuð sem okkur fannst vanta þegar við komum hingað úr borginni fyrir sunnan. Þar fór maður mikið á Hressingarskálann og á Mokka að fá sér kaffi og ræða heimsmálin við kunningjana.

Líka er það list að sitja bara einn á kaffihúsi. Margir kollegar stunda það einmitt horfa á fólkið og hver veit nema eitthvað af því rati síðar á leiksvið. Bara það að fylgjast með ólíku göngulagi fólks er alveg á við þrjá kennslutíma í Shakespeare. Þessi kaffihúsakúltúr hefur mér alltaf fundist skemmtilegur, að geta sest niður og fengið sér kaffi eða öl og spjallað saman.

Við hjónin ákváðum því bara að opna svona stað. Í og með var það líka vegna þess að maður var orðinn svolítið leiður á því hvað listin gaf lítið af sér. Reikningabunkinn var orðinn dálítið stór, auk þess sem verkefni voru stopul. Stundum átti maður buns af monni en oftar ekki neitt. Við gerðum okkur vonir um að geta fengið þarna einhverjar aukatekjur en það stóð aldrei til hjá okkur að hætta í listinni. Þetta gekk nú bara vonum framar og fólk tók þessu fagnandi. Mörgum fannst þessi staður fljótlega vera eins og partur af mublunum í bænum, eins og hann hefði verið þarna í hundrað ár, eitt af mörgum hjörtum Ísafjarðar.

Við rákum Langa Manga eitthvað tæp þrjú ár. Þetta gekk vel en það var ofboðsleg vinna og langur vinnutími. Við stóðum frammi fyrir því að langa annars vegar til að gera eitthvað meira úr staðnum en á hinn bóginn kallaði listin.

Þarna urðum við að velja á milli og við völdum listina."

– Hlynur Þór Magnússon.

Ókunnur heimur í seilingarfjarlægð

Hugmyndir eru uppi um stofnun Grænlandsseturs í Bolungarvík. Setrinu yrði, a.m.k. fyrst í stað, ætlað að safna fróðleik og munum tengdum Grænlandi og samskiptum Íslands og Grænlands í fortíð, nútíð og framtíð; standa að kynningum og sýningarhaldi tengdum Grænlandi, stuðla að auknum samskiptum íbúa landanna og eftir föngum stunda rannsóknir tengdar grænlenskum málefnum. „Setrið gæti verið vettvangur upplýsingaöflunar og –miðlunar um Grænland. Það er styttra að sigla héðan til Grænlands í beina línu en til Reykjavíkur en samt vitum við sáralítið um land og þjóð," segir Jónas Guðmundsson sem stendur að undirbúningi setursins. Hann bendir á að Bolungarvík sé sá byggði staður hérlendis sem er hvað næstur Grænlandi en loftlínan á milli er 315 km og því þyki rétt að miða við að setrinu verði fundinn staður þar. „Grænland er í seilingarfjarlægð og stefnan að leitast við opna þennan heim fyrir Íslendingum og öðrum þeim sem hingað koma," segir Jónas. Suðureyri er nær Grænlandi í kílómetrum talið en nokkur annar byggður staður, en því næst kemur Bolungarvík. Frá Suðureyri til Kap Tupinier á Grænlandi eru 310 km eða 167 sjómílur en 315 km frá Bolungarvík eða 170,2 sjómílur. Áformað er að stofna undirbúningsfélag um stofnun setursins á laugardag kl. 11 í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur. Allir sem áhuga hafa eru velkomnir og geta gerst félagar. Jónas fékk um áramótin styrk til að vinna að undirbúningi þessarar hugmyndir frá menningar- og ferðamálaráði Bolungarvíkur. Hann leggur áherslu á að farið verði hægt í sakirnar og þetta sé langtímaverkefni, en telur að allar forsendur séu fyrir hendi til að þetta geti orðið eitthvað meira en einungis hugmynd ef vel tekst til.

Jónas bendir á að Bolungarvík sé sá byggði staður hérlendis sem er hvað næstur Grænlandi en loftlínan á milli er 315 km og því þyki rétt að miða við að setrinu verði fundinn staður þar.

Nýtur lífsins á vínekru í Frakklandi

Bolvíkingurinn Berglind Halla Elíasdóttir er stödd sem skiptinemi í vínþorpinu Russilly í bænum Givry í Frakklandi. Fósturfjölskyldan hennar býr á vínekru og ræktar og framleiðir sitt eigið vín en Berglind stundar nám við menntaskóla í borginni Chal sur Saone. Hvernig var að flytja í lítinn bæ í Frakklandi?

„Ég hélt að það myndi ekki vera það mikið sjokk að flytja í svona lítinn bæ. Ég hef búið í Bolungarvík alla mína ævi en þessi bær er töluvert minni. Þegar ég kom hingað áttaði ég mig síðan á því að ég bý ekki innanbæjar heldur bý ég tvo kílómetra frá bænum í litlu þorpi og þar er ekki neitt. Ég fer ekkert út á virkum dögum þegar ég kem heim úr skólanum en í bænum, Givry, er hins vegar meira að gera, en þar sem þessi bær hér í kring eru nálægt borginni, þá er mest allt þar. Það sem kom mér kannski mest á óvart er að hér er engin búð eða sjoppa sem er opin langt fram á kvöld eins og Ísafirði eða í Bolungarvík. Ég hef t.d. ekki ennþá fundið vídeóleigu í bænum mínum. Þetta er ótrúlega fallegur bær og þorpið sem ég er í líka. Ég er mjög ánægð hérna og það var ekki erfitt að venjast þessu."

– Hvernig finnst þér að búa á vínekru?

„Mér finnst það frekar spennandi og skemmtilegt. Þetta er alveg svakalega stórt svæði, eitthvað í kringum 12 hektarar sem fjölskyldan á. Þetta er fjölskyldufyrirtæki sem er búið að ganga í marga ættliði. Það er full vinna að halda þessu gangandi og það eina sem fósturpabbi minn gerir, en fósturmamma mín vinnur aðra vinnu ásamt því að sjá um bókhaldið fyrir vínframleiðsluna."

Berglind segist taka lítinn þátt í vínframleiðslunni en hefur þó prófað að vinna við framleiðslu á vininu og á vínekrunni sjálfri.

„Þetta var fínt. Þetta er mjög mikil vinna og tekur á. Þegar ég kom hingað í september var aðaluppskeran og þá fór fósturpabbi á fætur klukkan 5 á hverjum morgni og var langt fram á kvöld en á veturna byrjar hann klukkan 7 og kemur aftur inn um kvöldmat. Það er mikið sem þarf að hugsa um og alltaf eitthvað að gera. Ég hef t.d. oft verið spurð að því hvort ég hafi þurft að puða við að stappa vínber, en það hef ég ekki gert. Ástæðan fyrir því er að tankarnir sem vínberin eru sett í eru mjög stórir og þegar þau byrja að gerjast og verða að víni er safinn rosalega sterkur. Notaðir eru sérstakir spaðar til að stappa vínberin en stundum þarf fósturpabbi minn að fara sjálfur og stappa. Það getur verið hættulegt því að ef hann missir takið gæti hann farið á kaf í tankinn og þá er ekki aftur snúið."

Vínið sem fjölskyldan framleiðir fer um allan heim og flest veitingahús í nágrenninu kaupa vín af fjölskyldunni.

„Vínið fer þó ekki til Íslands, ekki ennþá allavega. Vínið ber heitið Valdenaire&Chofflet Givry 1ere Cru. Valdenaire er eftirnafn fjölskyldunnar minnar og Chofflet var eftirnafn fósturmömmu minnar en vínið hefur verið lengi í Chofflet-ættinni. Það tíðkaðist að synirnir erfðu vínekruna af feðrum sínum en svo eignaðist pabbi fósturmömmu minnar bara dætur svo það endaði með því að fósturpabbi minn tók við rekstrinum. Vínið er margverðlaunað og hefur hlotið gæðavottun á árlegri ráðstefnu vín- og matarframleiðanda í París."

Berglind hefur fengið að fara með fjölskyldunni að kynna og selja vínið.

„Ég fór t.d. á tvo stórleiki í meistaradeildinni í fótbolta sem fóru fram í Lyon. Þar vann ég á bar í V.I.P sal á meðan á leikjunum stóð. Þar fengum við að vera í sér stúku og það var ekkert smá gaman."

– Ertu þá farin að drekka hágæðavín í hvert mál?

„Nei, ég get ekki sagt það. Foreldrar mínir drekka það hins vegar í hádeginu og á kvöldin en því er alltaf blandað við vatn. Ef vínflaskan tæmist fara þau einfaldlega niður í kjallara þar sem þau eru með vínkassa og fylla á. Það er aldrei vínlaust á þessu heimili."

Skólakerfið kom á óvart

Berglind stundar nám við skólann Lycée de Pontus de Tyard í Chalon og segir menntaskólana í Frakklandi vera allt öðruvísi en íslenskir unglingar þekkja til.

„Hér eru engar tölvur nema á bókasafninu. Þar er lokað fyrir síður eins og Facebook og nemendur geta ekki kíkt á tölvupóstinn sinn. Ég fékk reyndar undantekningu frá þeirri reglu því að bókasafnsverðirnir eru indælir og fannst sjálfsagt að skiptinemar gætu skoðað tölvupóstinn sinn þar sem við værum langt frá heimilum okkar. Engir símar eru leyfðir inni í skólanum. Ef maður þarf að nota símann, þá fer maður út."

Mikill agi er í skólanum hjá Berglindi og strangar reglur eru um hvernig ávarpa skal kennarana.

„Það þarf að ávarpa kennara frú eða herra. Ekki má segja bara eftirnafnið og alls ekki fornafnið þeirra. Þá er talinn dónaskapur ef þú segir hæ, heldur áttu að bjóða góðan daginn. Það sem kom mér mjög á óvart er að nestum því allir í skólanum reykja. Það má ekki reykja á skólasvæðinu og því er alltaf hrúga af fólki rétt fyrir utan hliðið í frímínútum. Krakkar frá 15 ára upp í 18 ára."

Berglind segir að auðvelt hafi verið að kynnast fólki í skólanum en mikill lærdómur kemur oft í veg fyrir samverustundir.

„Skólinn er oftast búinn um klukkan 17 eða 18 og seinasta rúta mín heim er hálfsjö. Á miðvikudögum er samt hægt að gera ýmislegt því að þá enda allir skólar í Frakklandi á hádegi. Ég er

búin að kynnast helling af fólki og eignast ótrúlega góða og trausta vini. Bæði skiptinema og fólk í Frakklandi. Fjölskyldan mín er frábær og ég held að ég hefði ekki getað verið heppnari. Þau eru mjög skilningsrík og venjuleg og buðu mig velkomna inn í fjölskylduna. Ég ætla að reyna halda góðu sambandi við alla mína nánustu vini og ég á eina vinkonu í Bandaríkjunum sem var hér í 5 mánuði. Hún er án efa ein af mínum bestu vinkonum ásamt auðvitað vinkonum mínum á Íslandi.“

– Var erfitt að ná tökum á tungumálinu?

„Franskan var nokkuð fljót að koma miðað við að ég hafði aldrei lært hana áður. Fyrst hélt ég að ég myndi aldrei ná þessu tungumáli og það er mjög slæm tilfinning, en stuttu síðar var ég farin að skilja mikið og núna er ég komin með nokkuð góð tök á málinu. Ég er farin að skilja eiginlega allt og er ófeimin við að reyna að tala og nú er bara að bæta sig.“

– Hver er helsti munurinn á Frakklandi og Íslandi í þínum augum?

„Þetta er allt öðruvísi en það líf sem ég á heima á Íslandi. Litlir bæir hér búa ekki yfir eins miklu félagslífi og við höfum í bæjunum okkar heima. Menningin er svo allt öðruvísi en það koma að sjálfsögðu augnablik þar sem margt er sameiginlegt. Svo eru það matartímarnir, ostarnir, brauðið og vínið. Frakkar borða alveg ótrúlega mikið, sem við gerum reyndar líka, en þeir taka alveg rosalega stórar máltíðir í staðinn fyrir að vera alltaf að fá sér eitthvað á milli mála. Hér er t.d. aldrei til gos. Mér fannst það rosalega skrýtið fyrst en er búin að venjast því. Hvað franska fólkið varðar finnst mér það bara svolítið svipað Íslendingum. Ég get reyndar ekki sagt að Frakkar séu bestu bílstjórar í heimi og þeir eru ekki mjög sleipir í ensku, sem var mjög erfitt fyrstu mánuðina.“

– Hvað kom þér mest á óvart við Frakkland og fólkið í Frakklandi?

„Það sem kom mér mest á óvart var skólakerfið. Hvað það er allt öðruvísi en maður var vanur. Svo má kannski nefna veitingahúsin sem eru bara opin á ákveðnum hádegistíma og kvöldmataríma en ekki þar á milli. Eitt sem mér fannst merkilegt var að krakkarnir fá ökuskírteinið 18 ára og þurfa þá að keyra með sérstakt merki aftan á bílnum til þess að sýna öðrum ökumönnum að þau séu á fyrsta akstursári og að þau megi ekki fara á ákveðinn hraða.“

Besta ákvörðun sem ég hef tekið

Berglind segir að henni hafi ekki litist á blikuna þegar hún komst að því að Frakkar vissu ekkert um Ísland.

„Ein 17 ára stelpa gat ekki sagt mér hvar landið væri. Fólk hélt að Íslendingar töluðu bara ensku og vissu ekki að íslenska væri til. Einnig héldu allir, eins og margir aðrir í heiminum, að það væri alltaf snjór og kalt á veturna. Furðulegasta spurningin sem ég hef fengið er þó örugglega þegar að ég var spurð hvort við borðuðum ekki örugglega fisk alla daga. Það er meira að segja ein kona frá AFS sem vill meina að Norðurlandabúar borði alltaf túnfisk eða síld í morgunmat. Það segir manni ýmislegt.“

Berglind segir Frakkland vera æðislegt land og sér ekki eftir því að hafa farið þangað. Hún segist auðveldlega getað hugsað sér að vera en lengur en hyggst þó ekki fresta heimkomunni.

„Það er er orðið langt síðan að ég sá mitt fólk en það er erfitt að vilja velja tvennt í einu þegar að það er ekki möguleiki að fá hvort tveggja. Ég er búin að skemmta mér vel og kynnast nýrri menningu. Ég bjóst aldrei við að frönsk menning væri svona frábrugðin íslenskri menningu. Ég sé sjálfa mig búa hérna í framtíðinni. Kannski í ár eða tvö en ekki mikið lengur. Ísland er alltaf númer eitt.“

Berglind segist hafa þroskast mikið við að flytja til Frakklands og að tíminn sem hún hefur verið í Frakklandi sé búinn að breyta hugsunarhætti hennar.

„Ég fattaði hvað ég á góða að heima og hvað lífið mitt er frábært þótt það sé ekki alveg fullkomið alla daga. Þessi dvöl hér hefur vakið mjög mikinn ferðaáhuga hjá mér en mig langar mjög mikið til að ferðast um heiminn núna og kynnast eins miklu og ég hef fengið að kynnast hér. Ég uppgötvaði líka hvað ég er montin að vera Íslendingur. Þegar fólk spyr mig út í landið segi ég alltaf að það sé frábært og óendanlega fallegt land. Áður en ég fór vissi ég ekki að ég væri svona stolt af því að vera Íslendingur. “

Það var ekki auðvelt að fara frá Íslandi til Frakklands, segir Berglind, sem segir það hafa verið mjög spennandi og á sama tíma mjög óraunverulegt.

„Þetta er án efa besta ákvörðum sem ég hef tekið. Þetta er auðvitað ekkert það auðveldasta í heimi fyrst og getur auðveldlega tekið á, en þegar þú ert kominn inn í fjölskylduna og rútínuna er þetta bara eins og heima hjá þér. Ég hvet alla þá sem hafa látið sér detta það í hug að fara sem skiptinemi að kýla á það eða að fara sem au pair eða eitthvað. Þetta er ótrúlega gaman og gefandi.“

– Hvað hefur staðið upp úr framan af?

„Ég veit það eiginlega ekki. Ég er búin að gera svo margt sem að ég veit að ég á aldrei eftir að gleyma. Ég fór til Parísar í 5 daga sem var frábært. Hitti þar frændfólk mitt og heimsótti alla helstu túristastaðina og fór ég einnig í skíðaferð í Alpana. Á næstu mánuðum fer ég aftur til Parísar. Þá fer ég einnig til Pólands með bekknum mínum og skoða Auschwitz. Síðan er planið að fara til Sviss með fjölskyldunni sem ég vona að verði af. Tíminn er mjög fljótur að líða hérna og það styttist í heimkomu.“

Berglind telur að reynsla hennar af því að búa í smábæ í Frakklandi muni nýtast henni vel. Þá aðallega í samskiptum við annað fólk og að kynnast nýju fólki á nýjum stað.

„Þú kynnist nýju fólki og nýjum stað og þarft að aðlagast um leið. Þú fattar að þú getur ekki komið fram við alla eins og fólkið heima og það er ekki allt eins sjálfsagt eins og þú heldur. Ég bý t.d. 15 mínútum frá Chalon þar sem allt er. Það er ekkert sjálfsagt að spyrja hvort einhver geti skutlað þér þangað rétt fyrir klukkan 8, og svo bara hringt um miðja nótt til að láta sækja sig. Ég er ekki að segja að maður fái aldrei far en ef það er möguleiki á að taka rútu frítt og gista svo hjá vinkonu eða vini, þá gerir maður það stundum. Heima hugsaði ég ekkert hvað það var dýrt að eiga bíl, ég fattaði það hér og finnst þetta allt mjög eðlilegt. “

– En að lokum: Nær fjármálakreppan á Íslandi til þín?

„Ég hef verið að lesa aðeins um kreppuna á vefmiðlum og reynt að fylgjast með en á sama tíma er ég ekki mikið að spá í ástandið heima. Ég er hér og þá þarf hugurinn minn að vera hérna líka. Ekki heima. Ég hef fengið margar spurningar um ástandið á Íslandi og hef reynt að útskýra það eins vel og ég get. Um daginn bankaði t.d. fósturpabbi minn hjá mér og sýndi mér fjögurra blaðsíðna grein um hrunið á Íslandi í frönsku fjármálablaði. Þar voru myndir af útrásarvíkingunum og sagt ítarlega frá öllu. Ég reyndi að lesa þetta yfir en þetta var ekki beint auðveldasti lestur á frönsku en þarna var talað um ástandið, Icesave og allt málið. Ég reyni að hugsa sem minnst um Ísland og þessi mál en held auðvitað sambandi við vinina heima og allir eru spenntir að segja mér frá öllu sem gerist þar.“

– kristjan@bb.is

Vínþorpið Rusilly þar sem Berglind býr. Þorpið er hluti af bænum Givry í Frakklandi.

Fjölskylda Berglindar í Frakklandi. Á myndinni er fósturamma Berglindar, Bernadette, fósturforeldrarnir Denis og Edith og börn þeirra Baptiste og Mathilde ásamt Berglindi.

smáar

Óska eftir að kaupa handfærabát, helst skel-, færeying eða lítinn Viking. Uppl. í síma 557 7160 eða 693 2923.

Til sölu er lítið íbúðarhús í Hnífsdal. Uppl. í síma 896 3387.

Óska eftir 3-4ra herb. íbúð á Ísafirði frá júlí í eitt ár. Kemur til greina leiguskipti á góðum stað í 109 Reykjavík. Uppl. í síma 663 9736.

Til sölu er Browning haglabyssa, sjálfvirk með 5 skota magasíni. Uppl. í síma 557 7160 eða 693 2943.

Til sölu er húseignin að Urðarvegi 31 á Ísafirði. Uppl. gefur Sigurður Samúelsson í síma 896 3212.

Vantar vinnu á Ísafirði eða í Bolungarvík. Gæti byrjað fljótlega eftir páska. Er með stúdentspróf og tók fornleifafræði við HÍ, en hef ekki lokið ritgerð. Uppl. gefur María Svava í síma 486 4405 eða 867 3296 eða á netf. mariasvava@islandia.is.

Við erum þrjár reykvískar stúlkur sem erum að leita okkur að gistinu á Ísafirði frá 1.-3. apríl nk. Við þurfum einungis pláss en getum komið með dýnur og tilheyrandi. Vinsamlegast hafið samband í síma 662 3262 eða sendið e-mail á netfangið imsa88@hotmail.com, ef þið getið aðstoðað okkur. Iðunn.

Vantar fjölnota barnavagn í góðu standi. Vinsamlegast hringið í síma 895 0080.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Grundargötu 2. Nýlegt eldhús. Íbúðin er laus í byrjun júní. Uppl. í síma 690 2202.

Næsta blað er síðasta blað fyrir páska! Þarft þú að auglýsa?

Markaðssetning í fullum gangi

Nýsköpunarfyrirtækið Fossadalur ehf., á Ísafirði markaðssetur fluguveiðihjól á alþjóðlegum markaði undir vörumerkinu Einarsson Fly Fishing og er markaðssetning í fullum gangi. Nýverið var tekin ákvörðun um að fjölga starfsfólki í framleiðslu og nú er verið að auglýsa eftir starfsmanni í framtíðarstarf. Fossadalur ehf. er í hátækniúrvinnslu á áli, ryðfríu stáli, títan og koltrefjum. Fyrsta fullbúna vara fyrirtækisins er fyrsta og eina fluguveiðihjólið sem er þróað og framleitt á Íslandi. Fyrirtækið hóf rekstur árið 2007 og hefur mikið starf verið unnið við þróun þess síðan þá. Nú er svo komið að Fossadalur hefur vakið athygli á erlendum mörkuðum og eftirspurn eftir hjólunum hefur aukist umtalsvert.

Metnaður eigenda fyrirtækisins liggur í að hanna og framleiða búnað til nota í fluguveiði, samkvæmt alþjóðlegum umhverfisgildum sem sífellt hafa meira hlutverki að gegna við hönnun og framleiðslu á vörum fyrir alþjóðlegan markað. Það er markmið Fossadals og framtíðarsýn að framleiða umhverfisvænar vörur og uppfylla skilyrði til að teljast „grænt fyrirtæki“.

– thelma@bb.is

Veiðihjól Fossadals ehf. hafa vakið mikla athygli. Mynd: www.einarsson.is.



Á myndinni má m.a. sjá krossfiska, ígulker og hrúðurkarla og flakið af bátnum. Mynd: nave.is

Köfuðu niður að bátsflaki

Ragnar Edvardsson minjavörður Vestfjarða og Ragnar H. Guðmundsson frá Bolungarvík köfuðu niður að bátsflaki í Álftafirði fyrir stuttu. Tilgangur ferðarinnar var að athuga ástand flaksins og skrá staðsetningu þess en öll skipsflök eða hlutar úr þeim njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum. Flakið er af norskum hvalveiðibát sem sökk í kringum 1900.

„Báturinn er tiltölulega heillegur eftir 100 ár í sjó eins og sést á myndunum. Verið er að safna frekari upplýsingum um bátinn en verkið er stutt á veg komið,“ segir á vef Náttúrustofu Vestfjarða. Á myndunum má sjá talsvert dýralíf en skipsflök eru vinsæl til köfunar t.d. vegna þess.

Íbúum fækkar í Ísafjarðarbæ

Íbúafjöldinn í Ísafjarðarbæ var 3.899 í byrjun þessa árs sem er fækkun um 73 einstaklinga frá árinu áður en 1. janúar 2009 var íbúafjöldi í sveitarfélaginu skráður 3.972. Fólksfækkun varð í fjórum sveitarfélögum á Vestfjörðum árið 2009. Í Súðavíkurhrepp fækkaði um 10 einstaklinga, í Bæjarhrepp fækkaði um tvo einstaklinga og í Tálknafjarðarhrepp fækkaði um níu íbúa. Fjölgun var í öllum öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Í Vesturbyggð fjölgaði um 35 íbúa árið 2009. Þá fjölgaði um 18 í Strandabyggð, 11 í Reykhólahreppi og um fjóra í Bolungarvík. Í Árneshreppi á Ströndum fjölgaði um einn íbúa á árinu 2009 en í Kaldrananeshreppi fjölgaði um tvo. Alls voru 7.362 einstaklingar með fasta búsetu á Vestfjörðum 1. janúar 2010. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofunni.

Samstaðan skiptir sköpum

Stakkur skrifar

Alþingismenn eru ekki öfundsverðir eins og er. En þeir hafa þó nokkuð örugga atvinnu meðan þeir geta náð saman um lausnir fyrir íslenska þjóð. Ríkisstjórnin á ekki sjö dagana sæla, en það á þjóðin heldur ekki. Margir eru langeygir orðnir eftir lausnum á vanda sínum og heimila sinna. Þrælahald nútímans er sennilega fólgið í því að skulda bankanum en ekki nógu mikið. Þeir sem skulda mest fá stærstu eftirgjöfina eða bara niðurfellingu skulda.

Þeir sem tóku lán í erlendum gjaldeyri til að kaupa eða byggja húsnæði eiga ekki gott eins og er, en þar er þó von framundan. Lækkun höfuðstóls skulda gagnast þeim vonandi vel. Eitthvað líf sýnist vera að færast í lækkunarferli bílalána í erlendri mynt. En þar eins og annars staðar er gert mest fyrir þá sem hagað hafa sér óskynsamlegast. Hið venjulega fólk, að ekki sé talað um barnafólk, má ekki gleymast þegar leitað er leiða. Oft er um tekjulágt fólk að ræða sem ekki margra kosta völ. En of margir svindla sér til bóta.

Félagsmálaráðherra ætlar ódeigur í slag við bílalánafyrirtækin, sem munu líklega ekki gefa mikið eftir. En nú þegar hafa verið afskrifaðar miklar skuldir þeirra sem skulda mest og hafa farið verst með fé og reikningurinn er sendur almenningi í formi hærri skatta. Þá þreytist hinn almenni borgari og reiðist. Fyrirtækin sem sigldu djarft og í strand eru látin njóta góðrar stöðu nýju bankanna, sem endurreistir voru í skjóli ríkisins. Fólkinu kann að misbjóða fyrr en síðar.

Það er þakkarvert að létta á skuldabyrðinni. En það vantar einnig að snúa hjólum atvinnulífsins í gang. Það er spurning hvar uppstokkun fiskveiðikvótans lendir í því verki öllu saman. Hvar eru þær rannsóknir sem liggja að baki ákvörðun um strandveiðar, sem ekki gafst eins vel og ætlunin var? Það var reynt að komast hjá eftirliti á þeim geiranum eins og víðar. Hvar er fiskveiðireynslan sem byggt er á við strandveiðar? Hver eru hin vísindalegu rök fyrir því að úrelda kvótakerfið?

Eignaupptaka í íslensku samfélagi hefur aldrei orðið meiri og víðtækari en eftir bankahrunið og enn eru ekki öll kurl komin til grafar. Þá virðist ekki skynsamlegt að sigla þann sjó í fiskveiðikerfinu. Mikil fjárfesting er bundin í fiskiskipum og verkunarstöðvum. Hún kann að glatast ef ekki er farið með gát og allir kostir í stöðunni athugaðir. Þegar að því kemur að hrinda breytingum í framkvæmd skiptir samstaða stjórnmálaafla mjög miklu og víðtæk sátt í þjóðfélaginu er líklegri til að ná árangri og koma samfélaginu til betri vegar.

En fyrst og fremst þarf að sjá til sólar á Alþingi og ná samstöðu þar til eftirbreytni fyrir sauðsvartan almúgan.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

0,3% fólksfækkun á Vestfjörðum

Í byrjun þessa árs voru 7.362 íbúar með fasta búsetu á Vestfjörðum, 3.791 karlar og 3.571 konur. Á sama tíma fyrir ári bjuggu 7.385 íbúar í fjórðungnum. Í fyrsta sinn frá lokum 19. aldar varð fólksfækkun á landinu öllu á síðasta ári. Í upphafi þessa árs voru 317.630 einstaklingar með fasta búsetu á landinu, samanborið við 319.368 ári fyrr. Fækkunin nemur um hálfu prósenti. Á síðustu fimm árum hefur fjölgun landsmanna þó verið hlutfallslega ör eða 1,6% að jafnaði á ári. Fólki fækkaði á öllum landsvæðum á árinu 2009. Fækkunin varð mest á Austurlandi og á Vesturlandi, en minnst á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu. Það er breyting frá fyrri árum en fólksfækkun hefur jafnan verið mest á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Á Vestfjörðum fækkaði um 23 einstaklinga en um sjö manns á Norðurlandi vestra. Það jafngildir um 0,3% fækkun á Vestfjörðum en 0,1% í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Fólksfækkun var mest á Austurlandi, 390 manns eða 3,0% frá 1. janúar 2009. Þar á eftir kom Vesturland, en þar fækkaði um 2,1% eða 337 manns. Þegar litið er til síðustu fimm ára hefur árleg fækkun á Vestfjörðum verið 0,9%.

Fólksfækkun á landinu á árinu 2009 skýrist af miklum fólksflutningum frá landinu umfram aðflutta. Á árinu 2009 fluttu til útlanda 4.835 einstaklingar umfram aðflutta. Náttúruleg fjölgun var um 1% árið 2009, en hefur verið 0,8–0,9% allt frá árinu 1994. Sveitarfélög á Íslandi voru alls 77 þann 1. janúar 2010. Þau eru misfjölmenn. Reykjavíkurborg var fjölmennasta sveitarfélagið með 118.326 íbúa en Árneshreppur á Ströndum var fámennast með 50 íbúa. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofunni.

– kristjan@bb.is

Kjós í Leirufirði. Ljósm: © Mats Wibe Lund.

„Bæjarstjórnin svaf þegar hún átti að vaka“

Páll Ásgeir Ásgeirsson, ísfirskur ferðamógull, blaðamaður og rithöfundur, segir að skilgreining stórs svæðis í Jökulfjörðum sem landbúnaðarsvæðis gæti orðið til þess binda endi á sextíu ára friðun Hornstrandafriðlandsins fyrir beit og ágangi. „Ísafjarðarbær sýndi afar slaka stjórnsýslu 2008 þegar látið var undir höfuð leggjast að svara fyrirspurnum ráðuneytis um afstöðu bæjarins til þessara breytinga þrátt fyrir ítrekaðar bréfaskriftir,“ segir í pistli Páls Ásgeirs á eyjan.is.

„Ísafjarðarbær virtist því vakna við nokkuð vondan draum þegar ljóst varð í árslok 2008 að Leira og Kjós höfðu fengið stöðu lögbýlis án þess að bærinn fengi rönd við reist. Skipulagsvinna hélt þó áfram og í fyrstu tillögu að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar var ekki gert ráð fyrir landbúnaði í Jökulfjörðum. […] Í lokaútgáfu aðalskipulagsins sem nú bíður auglýsingar og afgreiðslu í Umhverfisráðuneyti er því stórt svæði í Jökulfjörðum skilgreint sem landbúnaðarsvæði.“

Í pistlinum segir að það að skilgreina fyrrum eyðibýli sem lögbýli færir ekki eigandanum nein sérstök réttindi en þó er rétt að staldra við skýlausan rétt til þess að skrá greiðslumark á lögbýlið: „Í kjölfar þess að Leira og Kjós fengu þessa skilgreiningu án skýrrar andstöðu bæjarstjórnarinnar hefur skapast fordæmi fyrir aðra landeigendur á svæðinu. Því gæti lögbýlum á þessu svæði fjölgað og eigendur óátalið komið sér upp nokkrum kindum til að beita á skógarkerfil og skyldar plöntur sem margir telja til óþarfa.

Þannig hefur Ísafjarðarbær með sofandahætti og fúski í stjórnsýslu orðið til þess að opna hlið sem betur hefði verið lokað áfram. Þetta getur orðið til þess að binda endi á nærri sextíu ára friðun þessa svæðis fyrir beit og ágangi og breytt ásýnd þess varanlega. Þá gæti verið of seint fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar að iðrast þess að hafa sofið þegar þeir áttu að vaka.“

Páll Ásgeir bendir á að griðlandið á Hornströndum er einstakt í sinni röð á Íslandi. „Alger friðun landsins fyrir beit búsmala síðustu 50-60 árin hefur gefið náttúrunni yfirbragð sem á engan sinn líka í byggð á Íslandi. Engir vegir, engar símalínur eða raflínur, engar girðingar, aðeins látlaus hús og rústir í grænum túnum. Allt leggst þetta á eitt við að gera griðlandið á Hornströndum og eyðibyggðirnar í Jökulfjörðum og Grunnavík að svæði sem á enga hliðstæðu á Íslandi,“ segir í pistli Páls Ásgeirs Ásgeirssonar.

– thelma@bb.is

Ekkert til fyrirstöðu að veita framkvæmdaleyfi

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur sér því ekkert til fyrirstöðu að framkvæmdaleyfi verði gefið út fyrir lagningu 66 kV háspennustrengs í gegnum Bolungarvíkurgöng, þar sem framkvæmdin stangast ekki á við núgildandi aðalskipulag og lega strengsins kemur fram á drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Bolungarvíkurkaupstað 2008 til 2020. Landsnet hafði óskað eftir að fá upplýsingar frá sveitarfélaginu um hvort hægt yrði að fá framkvæmdaleyfi fyrir lagningu strengsins þó að nýtt aðalskipulag hafi ekki verið staðfest. Lega strengsins kemur fram á fyrirliggjandi drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi.

Milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar liggur nú 66 kV háspennulína sem liggur fram Hnífsdalinn um Heiðarskarð yfir í Syðridal og þaðan að spennuvirki við Múrhúsaland í Bolungarvík. Línan þarfnast endurbóta en hún var upphaflega byggð sem 11kV og er með grennri leiðara en þær línur sem liggja frá Mjólká að Ísafirði. Línan hefur síðan verið spennuhækkuð með aukinni einangrun. Bolungarvíkurlína 2 er samkvæmt truflanaskráningum sl. 10 ára með mestu truflanatíðni allra lína á Vestfjörðum. Eftir að strengurinn hefur verið lagður og tekinn í notkun mun rekstri línunnar verða hætt og hún tekin niður.

Ódýrara ökunám!

Breytt kennslutilhögun sem býður upp á mun ódýrara ökunám.

Skráning og innritun á næsta námskeið fyrir bæði B og A réttindi (bíl og bifhjól) í síma 557 7160 og 693 2943.

Öku- og bifhjólaskóli H.J.

Skúli mennski

Ísfirski tónlistarmaðurinn Skúli mennski, eða Skúli Þórðarson, lauk nýverið upptökum á sinni fyrstu sólóplötu í hljóðverinu Tankinum á Flateyri ásamt hljómsveitinni Grjót. Segja má að platan verði frumraun Skúla þó að hann hafi áður tekið upp tvær minni plötur.

„Þetta er fyrsta alvöru platan sem ég tek upp. Ég hef tekið upp tvær aðrar heimabruggaðar plötur sem hafa ekki farið víða, þannig að það má kalla þetta frumraun mína. Lögin á plötunni eru misgömul en við Halldór Gunnar Pálsson vorum búnir að vera með það lengi á bak við eyrað að vinna saman að plötu með mínum lögum, og það bara gerðist.“

Skúli starfar sem pylsusali í pylsuvagninum Bæjarins bestu í Reykjavík ásamt því að stunda nám við Kennaraháskóla Íslands. Hvernig var að taka upp á Flateyri?

„Flateyri er góður staður. Þar er maður í góðum tengslum við náttúruna og fólkið. Upptökurnar gengu mjög vel og stúdíóið er alveg frábært. Strákarnir sem eru að spila með mér á plötunni eru búnir að vera að taka mikið upp saman svo þeir kunna allir að vinna með hver öðrum. Önundur H. Pálsson stjórnaði upptökum ásamt því að hljóðblanda en platan fer væntanlega í hljóðjöfnun í Reykjavík. Við tókum viku í þetta, strákarnir komu hérna í tvo daga og spiluðu inn á plötuna, síðan keyrðu þeir suður aftur og þá varð ég eftir til þess að taka upp sönginn.“

Platan mun innihalda tíu til ellefu lög eftir Skúla. Nokkur þeirra hafa komið út áður á heimatilbúnu efni, en í allt öðrum búningi.

„Þetta er allt mikið betra og flottara núna og þau hafa þróast mikið. Sum lögin er frá árinu 2001 á meðan önnur eru glænný.“

Skúli lýsir plötunni sem afslappaðri og góðri. Heyra má jazz- og blúsáhrif í tónlist Skúla en hann syngur eingöngu á íslensku. Hvaðan kemur innblásturinn?

„Þetta er rosalega mikið af lögum sem hafa orðið til hérna fyrir vestan. Það er erfitt að festa fingur á það hvaðan innblásturinn kemur. Sum lögin eru rosalega lengi í fæðingu og það er aldrei svo að maður ákveði að semja lag um eitthvað sérstakt, heldur verður lagið til og maður áttar sig kannski á því mikið seinna að lagið hefur skírskotanir í eitthvað ákveðið. Ég legg ekkert svakalega mikið upp úr því að finna einhver gildi fyrir lögin mín, eða setja einhverja meiningu á bak við þau.“

Skúli segir að undirbúningur og upptökur á plötunni hafi gengið mjög hratt fyrir sig.

„Ég gef hana út sjálfur. Við byrjuðum að æfa saman rétt fyrir jól og platan á að koma út um páskana, en það er ekkert fast í hendi með neitt af þessu. Það á eftir að ganga frá fjölföldun og binda ýmsa lausa enda.“

Það er hljómsveitin Grjót sem sér um undirleik á plötunni en hún var sett saman fyrir þetta verkefni. Hana skipa m.a. nokkrir Vestfirðingar en Skúli mennski og Grjót hafa verið iðnir við að spila í Reykjavík að undanförnu.

„Hljómsveitin var búin til fyrir þetta en hún er skipuð Valdimar Olgeirssyni, Halldóri Gunnari Pálssyni, Óskari Þormarssyni og Degi Bergssyni. Svo spilar líka Una Sveinbjarnardóttir kærasta mín á fiðlu á plötunni. Við Halldór byrjuðum að hittast og spila saman blús. Það þróaðist síðan fljótlega út í að við myndum taka upp plötu með mínum lögum en þegar við komum fram spilum fullt af annarri tónlist. Við erum búnir að vera spila svolítið í Reykjavík og ætlum okkur að halda því áfram. Við spilum mikið af minni tónlist og mikið af amerískri blústónlist en við ætlum að reyna að halda þessu svolítið opnu. Við erum kannski búnir að keyra svolítið á blúsinn. Kannski leggjum við hann bara til hliðar og tökum eitthvað annað fyrir, það er aldrei að vita. Svo eru strákarnir í svo mörgum verkefnum að þetta getur verið svolítið púsluspil að koma þessu saman.“

Með mörg járn í eldinum

„Sökudólgarnir“ komu fram á sjónarsviðið fyrir nokkrum árum. Hvað varð um það verkefni?

„Sökudólgarnir eru nú að æfa reglulega. Við erum með tilbúið efni á plötu og það á bara eftir að finna tíma til að taka hana upp. Mér líst svo rosalega vel á þessar vinnuaðferðir sem við vorum að nota í Tankinum að ég væri til í að gera þetta bara alveg eins aftur. Sökudólgarnir ætla sér að heimsækja Vestfirði í sumar, og vonandi fyrr. Við höfum ekkert spilað síðan í júní og erum tiltölulega nýbyrjaðir að æfa á ný.“

– Hver er munurinn á Skúla mennska og hljómsveitinni Grjót og Sökudólgunum?

„Þetta er reyndar svolítið svipað dæmi. Munurinn er kannski sá að í Sökudólgunum ákváðum við að hressa okkur aðeins við. Við erum farnir að semja svolítið meira „rockabilly“ fyrir vikið. Með Grjót fá rólegu lögin mín aðeins meira að njóta sín en að er kannski erfitt að finna einhvern afgerandi mun en hann liggur í einhverjum fíling. Ég reikna allavega með því að þessar plötur yrðu rosalega ólíkar.“

– Nýlega tókstu upp viðurnefnið Skúli mennski. Hvaðan er það sprottið?

„Þetta er viðurnefni sem ég fékk hjá félögum mínum. Ásgeir Sigurðsson sökudólgur átti eitt sinni hund sem hét Skúli. Hann var spikfeitur og latur og það þurfti að greina okkur í sundur. Mér þótti vænt um þennan titil og mér finnst hann fyndinn. Ég ákvað um daginn að það væri kannski gott að skapa svigrúm milli sjálfs síns og þess sem maður er að gera í tónlist þannig að það má segja að Skúli mennski sé mitt listamannanafn.“

– Ertu hættur að koma einn fram?

„Nei, ég er ennþá að því, aðallega vegna þess að það er erfitt að koma fólki saman. Mér finnst miklu skemmtilegra að spila í hljómsveit heldur en að spila einn. Ég fíla mig betur þar, en það er bara þannig að allir þeir sem ég er að spila með eru með mörg járn í eldinum og þá er kannski einfaldast að gera hlutina sjálfur.“

–Fer mikið af þínum tíma í tónlist?

„Nei, ég myndi vilja eyða meiri tíma í þetta. Ástæðan fyrir því að ég komst vestur í viku til að taka upp þessa plötu er að það var vettvangsvika í skólanum. Þá eru flestir einhvers staðar að kenna en ég var búinn að sinna minni kennslu svo ég ákvað að nýta tímann í þetta. Það væri mjög óskandi ef platan fengi almennar viðtökur. Ég væri til í að geta sinnt tónlist án þess að vera að harka. Gera þetta að meiru en áhugamáli. Vonandi næ ég að koma einhverjum lögum í útvarp og vonandi fær tónlistin mín einhvern hljómgrunn. Það er bara eitthvað sem verður að gerast að sjálfu sér ef það gerist.“

– Hvað er framundan hjá Skúla mennska?

„Það er einfaldlega að gefa út þessa plötu, fylgja henni eftir og taka síðan Sökudólgana fyrir og koma þeirri plötu út. Skúli mennski og Hljómsveitin Grjót koma síðan fram á Aldrei fór ég suður um páskana.“

– Erum við þá að tala um tvær plötur með Skúla mennska á þessu ári?

„Já, ég vona það, mig langar að koma út Sökudólgaplötu í vor eða sumar. Svo er bara eiga gott sumarfrí og klára skólann en það er mjög þægilegt að spila þetta svona inn með bandi og það er algjör lúxus fyrir þetta svæði hér að hafa þetta stúdíó á Flateyri. Ég væri t.d. miklu meira til í núna að safna mér pening fyrir stúdíótímum og vera kannski tvær vikur í stúdíó í stað þess að fara í skíðaferð eða eitthvert í frí. Það er rosalega gaman og frábært frí að vinna að tónlist,“ segir Skúli mennski.

– kristjan@bb.is

Uppskrift samin um borð í seglskútu

Sælkeri vikunnar býður upp á uppskrift að saltfiskrétti með suður-asísku yfirbragði. Sigurður segir að uppskriftin hafi verið samin um borð í seglskútunni Auroru.

Indversk-íslenskur saltfiskur

Útvatnaður saltfiskur skorinn í frekar litla (fingurstóra) bita og þerraður vel. Slatti af Taaza Masala kryddi blandað útí hveiti ásamt smá pipar. Saltfiskinum velt upp úr hveitiblöndunni og bitarnir steiktir á pönnu í olíu við mikinn hita. Fiskurinn svo settur í fat og haldið heitum í ofni.

Á sömu pönnu er mýktur hvítlaukur og venjulegur laukur ásamt rauðum chili, allt saxað smátt.

Út í þetta er svo bætt góðum slatta af ferskum mangó í litlum bitum.

Þegar þetta er orðið mjúkt er kókósmjólk bætt útí og allt soðið saman smá stund svo úr verður þykk sósa.

Smakka má sósuna til með salti og pipar og ef til vill súputeningi.

Með þessu er gott að hafa hrísgrjón, pappadums brauð og mangó chutney.

Ég skora á Nanný Örnu Guðmundsdóttur bónda í Fífutungu.

Sælkerinn

Sælkeri vikunnar er Sigurður Jónsson á Ísafirði.

Svívirðilega skemmtileg sýning

Svívirðilega sjokkerandi og skemmtileg sýning eru þau orð sem blaðamanni dettur fyrst í hug til að lýsa leikverkinu Síðasti dagur Sveins skotta sem frumsýnt var á fjölum Edinborgarhússins á Ísafirði á fimmtudag. Verkið fjallar Svein Björnsson þjóf, nauðgara og galdramann sem var hengdur í Rauðuskörðum á Barðaströnd árið 1648.

Verkið er samstarfsverkefni Kómedíuleikhússins, Lýðveldisleikhússins og einstakra listamanna og hefði mann nú kannski ekki átt að undrast kraftinn sem leysist úr læðingi við svona samansafn af hæfileikum. Sagan er flugbeitt og uppfull af kolsvartri kímni. Hún er sögð með samblöndu af leiklist, tónlist og dansi sem fléttast snurðulaust saman. Ýmsar skrautlegar persónur úr vestfirskri sögu stíga á stokk eins og Jón lærði, Ari í Ögri og Jón Ríðumaður. Þótt verkið eigi sér stað á sautjándu öld hefur það þó skýra skírskotun í nútímann.

Elfar Logi Hannesson var stórgóður í hlutverki Sveins Skotta. Myndir: Ágúst Atlason.

Helstu höfundar og flytjendur verksins eru Benóný Ægisson höfundur handrits og tónlistar, Elfar Logi Hannesson leikari, Halldóra Malín Pétursdóttir leik- og söngkona, Henna Riikka Nurmi höfundur sviðshreyfinga, leikari og dansari, Steingrímur Guðmundsson höfundur tónlistar og hljóðfæraleikari og Ársæll Níelsson leikari. Þorsteinn J. Tómasson hannar lýsingu og Marsibil G. Kristjánsdóttir sér um leikmynd og búninga. Eiga þau öll heiður skilið fyrir að geta nálgast jafn myrkt efni með svo miklum húmor að af hljótist hin besta skemmtun.

Að verkinu koma Guðmundur Hjaltason, Halldóra Malín Pétursdóttir, Elfar Logi Hannesson, Marsibil G. Kristjánsdóttir, Benóný Ægisson, Ársæll Níelsson, Þorsteinn J. Tómasson, Henna Riikka Nurmi og Steingrímur Guðmundsson.

Þjóðsagan segir að Sveinn Skotti hafi verið göldróttur þó hann hafi ekki verið tekinn af lífi sem slíkur, enda voru aðrir sakir hans nógar. Sýningin ber keim af göldrum og dimmum öflum og hefur allt að því ævintýralegan blæ. Farið er yfir ævi þessa þrjótar, allt frá því að faðir hans var tekinn af lífi meðan Skotti var enn í móðurkviði, þar til honum er náð er kona á Barðaströnd lék á hann og batt með reifalinda sínum, en þegar Skotti veðsetti sig djöflinum til þess að enginn fjötur gæti haldið sér gleymdi hann að taka fram reifalinda.

Eftir að verkið hefur verið sýnt á Ísafirði verður það sýnt í Reykjavík og víðar um landið.

BARNATRYGGING SJÓVÁ

- fyrir það verðmætasta sem við eigum

Barnatrygging Sjóvá er sniðin að hagsmunum barna og fjölskyldna þeirra. Barnatrygging er í senn sjúkdóma-, örorku- og slysatrygging fyrir barnið auk þess sem hún bætir fjölskyldunni upp tekjumissi og ófyrirséðan kostnað vegna veikinda. Barnatrygging er fyrir börn á aldrinum sex mánaða til átján ára.

Fáðu nánari upplýsingar um Barnatryggingu í útibúum og hjá umboðsmönnum Sjóvá um allt land og á sjova.is.

SJÓVÁ